



# Menningarstjórnendur spurðir um áhrif kórónuveirufaraldursins

Spurningakönnun á vegum Rannsóknaseturs í menningarstjórnun við  
Háskólann á Bifröst

Njörður Sigurjónsson  
Finnur Bjarnason  
Sigrún Lilja Einarsdóttir

## Menningarstjórnendur spurðir um áhrif kórónuveirufaraldursins

Um mánaðarmótin september og október 2020 framkvæmdi Rannsóknasetur í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst könnun meðal íslenskra menningarstjórnenda á starfi þeirra, og á áhrifum COVID-faraldursins á starfsumhverfi þeirra. Tilgangurinn var tvíþættur: Annars vegar að kanna aðstæður og bakgrunn íslenskra menningarstjórnenda, svo sem menntun og starfsaldur, en hins vegar að athuga áhrif yfirstandandi heimsfaraldurs á starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana í menningargeiranum. Helstu niðurstöður könnunarinnar varðandi yfirstandandi COVID-19 faraldur eru birtar hér að neðan, en megin punktarnir eru þessir:

- Faraldurinn hefur haft mikil áhrif á menningarstofnanir og starfsemi þeirra.
- Samdráttur hefur orðið á starfsemi en sérstaklega hefur orðið niðurskurður í ráðningu verktaka.
- 75% svarenda segjast hafa þurft að fella niður viðburði.
- Mikil aukning hefur orðið í nýtingu samfélagsmiðla við miðlun efnis.
- Aðeins um þriðjungur segir að aukin aðsókn Íslendinga hafi bætt upp fyrir fækkun á ferðamönnum vegna COVID-19.

### Um könnunina

Þýðið samanstendur af stjórnendum menningarfyrirtækja á Íslandi, bæði æðstu stjórnendum og milli stjórnendum, og var úrtakið valið með netfangasöfnun. Var netföngum safnað í gegnum vefi fyrirtækja og stofnana og með því að hafa samband við hin völdu fyrirtæki og þau netföng valin sem best komu heim og saman við skilgreiningu rannsóknarinnar á hugtakinu „menningarstjórnandi“. Sú starfsemi sem rannsóknin gerði úttekt á var:

- Bókaútgáfa
- Tónlistarútgáfa
- Gallerí
- Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
- Sviðslistir
- Listsköpun
- Rekstur húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir menningarstarfsemi
- Starfsemi bóka- og skjalasafna
- Starfsemi safna
- Rekstur sögulegra staða, bygginga og áþekkra ferðamannastaða

Hér er um að ræða þrengri skilgreiningu á menningargeiranum heldur en t.d. í skilgreiningu UNESCO (2009) á menningariðnaði eða EUROSTAT á skapandi greinum þar sem m.a. má finna arkitektúr, tískuhönnun og tölvuleikjagerð sem hér er ekki tekið tillit til. Við val á viðtakendum er hugtakið „menningarstjórnandi“ skilgreint sem sá er vinnur við menningarstofnun og ber ábyrgð á nauðsynlegum hluta af starfsemi hennar. Þannig eru það

ekki einungis þau sem eru yfir starfseminni heldur einnig stjórnendur sem sjá um markaðs- og kynningarmál, hluta framleiðslu, fræðslumál og fjármál.

Könnunin stóð yfir frá 23. september til 14. október og var netkönnun sem var send á 694 aðila og fengust 470 svör og þar af voru 373 sem luku könnuninni. 63% svarenda voru konur en 36% karlar. 23% þátttakenda voru á aldrinum 31-40 ára, 27% voru 41-50 ára, 29% voru 51-60 ára, 15% voru 61-70 ára. 3% voru yfir sjötugt og 2% þátttakenda voru á aldrinum 21-30 ára.

## Almennt um áhrif kórónuveirufaraldursins á menningarstarfsemi


Þó er erfitt á þessum tíma að gera sér grein fyrir heildaráhrifum faraldurs sem enn er í fullum gangi hafa ýmsar kannanir á áhrifum COVID-19 á menningarstarfsemi nú þegar verið gerðar og ljóst að áhrif á geirann eru talsverð. Samkvæmt tölum Hagstofunnar í lok október 2020 höfðu launagreiðslur í atvinnugreinum menningar dregist saman um 23% á milli árána 2019 og 2020. Þær tölur ná þó aðeins fram í ágúst 2020 en þá hafði önnur bylgja faraldursins enn ekki skolið á. Þar kemur einnig fram að 29 fyrirtæki í atvinnugreinum menningar höfðu nýtt sér lokunarstyrki og 38 fyrirtæki greiðslu launa á uppsagnafresti (*Hagstofan - Áhrif kórónuveirufaraldursins á atvinnugreinar menningar, 2020*).

Safnaráð, Félag íslenskra safna og safnmanna og Íslandsdeild ICOM stóðu fyrir könnun á meðal safnstjóra viðurkenndra safna og ríkissafna um áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á safnastarf á Íslandi. Þar kemur fram að „tekjur af erlendum ferðamönnum, sem að jafnaði halda uppi sértekjum mjög margra safna á Íslandi, drógust nær algerlega saman, en erlendir ferðamenn eru um 62% af gestum safnanna“ en auk samdráttar í tekjum, þurftu söfn að glíma við „lokani, breytingar á áætlunum og starfshögum og jafnvel fækkun starfsfólks“ (Guðný Dóra Gestsdóttir og fleiri, 2020).

Í júlí 2020 kom út skýrsla á vegum fagfélaga íslenskra tónlistarmanna um áhrif COVID-19 á tónlistariðnaðinn. Megináhersla skýrslunnar á tónlist sem atvinnugrein, eða iðnað, sem margir koma að aðrir en tónlistarfólkið sjálf. Í skýrslunni er kallað á frekari aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar þeim sem starfa í íslenskum tónlistariðnaði sem og opinbera stefnumótun í tónlist og uppfræðslu almennings á mikilvægi tónlistar (María Rut Reynisdóttir og Brynja Jónatansdóttir, 2020). Hið sama er uppi á teningnum í skýrslu sem Evrópuráðið lét gera um áhrif COVID 19 á menningu og skapandi greinar (Kern, 2020). Þar er kallað eftir alþjóðlegum samhug við að styðja fjárhagslega við þá sem starfa við listir og viðhalda þannig hinu “skapandi vistkerfi”. En skýrslan gengur lengra og leggur til að nú sé tækifæri til að gefa listafólki rödd ekki bara í menningarstefnu heldur einnig í félagsmálum og mótun iðnaðarstefnu eins og hún snýr að listgreinum, t.d. varðandi framleiðslu og sölu á varningi sem er nauðsynlegur til fjarmiðlunar (Kern, 2020).

## Niðurstöður könnunar

Niðurstöður könnunarinnar sem Rannsóknasetur í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst gerði í september og október 2020 eru í takt við það sem komið hefur fram í öðrum athugunum um mikil áhrif COVID-19 faraldursins á menningargeirann. Þegar spurt er hversu sammála ertu fullyrðingunni „COVID-19 hefur haft áhrif á starfsemi skipulagsheildarinnar sem ég starfa hjá“ voru 70% mjög sammála, 23% frekar sammála, 3% hvorki sammála né ósammála, 3% frekar ósammála og 1% mjög ósammála.




93% svarenda eru þannig mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að „COVID-19 hefur haft áhrif á starfsemi skipulagsheildarinnar sem ég starfa hjá“ og kemur niðurstaða kemur lítið á óvart enda nánast allt samfélagið undirlagt af áhrifum faraldursins. Þá ríma svörin ágætlega við aðrar kannanir og skýrslur sem vísað er til hér að framan. Þátttakendum í könnuninni var einnig boðið að gera athugasemdir í lok spurningakönnunarinnar og gátu þar bætt við frekari upplýsingum sem þeim fannst vert að kæmu fram. Þar fjölluðu nokkrir þátttakendur um áhrif faraldursins í nokkuð dökku litum. Einn þátttakandi segir til dæmis:

*Mér sýnist Covid-19 þýða algjört hrun í menningargeiranum og að hann verði nokkuð lengi að ná sér, lengur en ferðapjónustan. Mannauðurinn hefur þegar lamast og það tekur lengri tíma að byggja hann upp en þjónustu og slíkt, sem er áþreifanlegra.*


Annar þátttakandi tekur dæmi úr þeim geira sem hann starfar í:

*Ég starfa í bókabransanum. Bóksala hefur minnkað um 30-40% á milli ára, vegna Covid. Stærstu áhrifin eru þau að útlendingar koma ekki til landsins og kaupa því ekki ferðamannabækur og ekki síður að Íslendingar ferðast ekki til útlanda, en bókabúðin í Leifsstöð hefur undanfarin ár selt um 30-40% af öllum kiljum sem seljast á íslensku. Þessi hola veldur því að flestar útgefnar kiljur á þessu ári ná ekki núllinu og flestar bókaútgáfur eru reknar með tapi það sem af er ári. Jólin nálgast og bókaútgefendur liggja á bæn um að þaðv erði ekki minnkun í jólabókasölu á milli ára. Jólabókaflóðið er það eina sem getur bjargað okkur.*

Faraldurinn hefur þannig augljóslega haft mikil áhrif á menningarfyrtæki en athygli vekur að COVID viðbrögð bitna mest á aðkeyptri þjónustu verktaka og lausráðinna en færri segjast hafa þurft að segja upp fastráðnu starfsfólki. 16% svarenda segjast hafa þurft að fækka starfsfólki vegna COVID-19.



Hefur COVID-19 haft önnur áhrif á starfsmannahald, til dæmis hvað varðar lausráðna og verktaka? Merkið við eins marga valkosti og við á.



- Við höfum þurft að hætta við að lausráða fólk og verktaka í fyrirhuguð verkefni (SQ004)
- Við höfum þurft að ganga út úr samningum við verktaka fyrir verkefni sem ekki var unnt að framkvæma (SQ002)
- Við höfum þurft að virða samninga við verktaka fyrir verkefni sem ekki var unnt að framkvæma (SQ001)
- Við höfum þurft að greiða miskabætur fyrir samninga sem þurfti að hætta við eða fresta (SQ003)
- Annað

Hins vegar segir nær helmingur stjórnenda (47%) að þeir hafi þurft að hætta við að lausráða og verktaka í verkefni. Hér mátti merkja við fleiri en einn valkost og þar kemur fram að 19% höfðu þurft að ganga út úr samningum við verktaka og rúm 9% höfðu þurft að virða samninga við verktaka sem ekki var hægt að framkvæma. Einungis 3% svarenda sögðust hafa þurft að greiða miskabætur fyrir samninga sem þurfti að fresta eða hætta við.

Nokkrar skýringar fylgdu með svörum í þessari spurningu og dæmi um slíkar eru:


*Við höfum þurft að aflýsa listviðburðum. Listamenn sem um ræðir hafa því ekki fengið greitt. Mjög leitt en svona er staðan.*

*Nýttum okkur hlutabótaleið og þurfum að lengja samninga við lausráðið fólk. Mikið óöryggi varðandi starfstíma lausráðinna.*

*Margt er ennþá óljóst varðandi áhrif Covid á stofnunina bæði hvað varðar verktaka og fjárframlög.*

*Við fengum sumarstarfsfólk (námsmenn) í gegnum átaksverkefni vinnuálastofnunar og sveitarfélaganna. Við höfðum ekki gert ráð fyrir því að fá sumarstarfsfólk svo þetta var afar jákvætt fyrir stofnunina.*

Spurt var sérstaklega um opinberan stuðning og sögðust ríflega þriðjungur svarenda, 35%, starfsemin hafa hlotið opinbera styrki vegna COVID-19 en 50% sögðust ekki hafa hlotið aðstoð.





Spurt var nánar út í hvernig starfsemi hefði hugsanlega skerst og fullyrðingunni „COVID-19 hefur orðið til þess að við höfum þurft að fella niður starfsemi, ekki bara fresta eða færa til“ voru 50% mjög sammála, 25% frekar sammála, 6% hvorki sammála né ósammála, 10% frekar ósammála og 7% mjög ósammála.

Þá var spurt sérstaklega um hvort þátttakendur teldu að endurskoða þyrfti „uppbyggingu menningargeirans“ í ljósi áhrifa faraldursins. Fullyrðingunni „Áhrif COVID-19 sýna þörf á að endurskoða uppbyggingu menningargeirans“ voru 23% mjög sammála, 32% frekar sammála, 33% hvorki sammála né ósammála, 7% frekar ósammála og 2% mjög ósammála.

Þeir sem voru annaðhvort mjög sammála eða frekar sammála fullyrðingunni um endurskoðun á uppbyggingu menningargeirans voru spurðir „Á hvaða hátt?“ og fengu að merkja við 1-5 eftir mikilvægi þar sem 1 er mikilvægast. Þar fékk „með auknum fjárframlögum til menningar“ almennt hæst vægi. Næst kom „með auknum stuðningi við lítið eða sjálfstætt framtak“ þá „með auknum stuðningi við sjálfstætt starfandi listafólk“ og minnst vægi fékk fullyrðingin „með skattaafslætti fyrir framlög einkageirans til menningar.“ Hér mátti merkja við fleiri en einn valkost og ekki endilega hægt að draga miklar ályktanir af dreifingu á vali á milli þessara kosta.



COVID-19 hefur orðið til þess að við höfum þurft að fella niður starfsemi, ekki bara fresta eða færa til



Þannig svara þátttakendur spurningunni varðandi starfsemina sjálfa og framboð þannig að mikill meirihluti hefur felld niður hluta af sinni starfsemi: 75% svarenda hafa þurft að fella niður hluta af starfsemi þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá, ekki bara „fresta eða færa til“.

Þá var einnig spurt sérstaklega um hvort stafrænar lausnir hefðu verið notaðar til þess að halda starfsemi gangandi. Fullyrðingunni „COVID-19 hefur orðið til þess að við höfum fært suma starfsemi yfir á svið fjarmiðlunar (til dæmis miðla eins og Zoom/YouTube)“ voru 34% mjög sammála, 33% frekar sammála, 11% hvorki sammála né ósammála, 10% frekar ósammála og 12% mjög ósammála.

COVID-19 hefur orðið til þess að við höfum fært suma starfsemin yfir á svið fjarmiðlunar (til dæmis miðla eins og Zoom/YouTube).






67% eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „COVID-19 hefur orðið til þess að við höfum fært suma starfsemi yfir á svið fjarmiðlunar (til dæmis miðla eins og Zoom/YouTube)“. Sá hópur, sem var annaðhvort mjög sammála eða frekar sammála fullyrðingunni um að starfsemin hefði verið færð á svið fjarmiðlunar, var spurður um hvaða stafrænu leiðir hefðu verið nýttar. 52% völdu beinar stafrænar útsendingar af viðburðum, helmingur svarenda sagði upptökur af viðburðum sem miðlað er stafrænt, 72% völdu upplýsingar um starfsemina sem miðlað er stafrænt og 79% völdu aukna notkun samfélagsmiðla til miðlunar á starfinu. Um 9% tilgreindu annað, sem oftast voru „fjarfundir“ en hér mátti merkja við fleiri en einn valkost. Um þetta kom einnig fram í opnum svörum:

*Ég hefði merkt við að vinnustaður minn hefði fært miðlun sína í auknum mæli á samfélagsmiðla, eða aukið umsvif á samfélagsmiðla, ef við hefðum haft bolmagn/þekkingu til þess. Augljóslega hefði þess verið þörf, en það þarfnast líka þekkingar og mannafls. Innan míns vinnustaðar er enginn einn sem sinnir eingöngu kynningarmálum, við erum ekki nógu mörg og enginn í fullu starfi til þess að það gangi upp.*

Að lokum var spurt hvort innlendir ferðamenn hefðu komið í stað hinna erlendu og var 29% svarenda sammála fullyrðingunni „Aukin aðsókn Íslendinga hefur bætt upp fyrir fækkun á ferðamönnum vegna COVID-19“. Hér eru þó engar hreinar línur enda voru 8% mjög sammála, 21% frekar sammála, 18% hvorki sammála né ósammála, 14% frekar ósammála og 15% mjög ósammála. Vísast væri rétt að skoða áhrif á einstaka geira innan menningar frekar en að draga of sterkar ályktanir út frá svörum þessari spurningu.



Guðný Dóra Gestsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, og Þóra Björk Ólafsdóttir. (2020). *Áhrif*

*COVID-19 á safnastarf á Íslandi*. Reykjavík: Safnaráð. Sótt 4. nóvember 2020, af

<https://safnarad.is/frettir/2020/09/utkomin-skyrsla-ahrif-covid-19-a-safnastarf-a-islandi/>

*Áhrif kórónuveirufaraldursins á atvinnugreinar menningar*. (2020). Reykjavík: Hagstofa

Íslands. Sótt 4. nóvember 2020, af [utgafur/tilraunatolfraedi/ahrif-](https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/ahrif-koronuveirufaraldursins-a-atvinnugreinar-menningar-tt/)

[koronuveirufaraldursins-a-atvinnugreinar-menningar-tt/](https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/ahrif-koronuveirufaraldursins-a-atvinnugreinar-menningar-tt/)

Kern, P. (2020). *The impact of the COVID-19 pandemic on the Cultural and Creative Sector*.

Brussel: KEA. Sótt 4. nóvember 2020, af [https://keanet.eu/wp-](https://keanet.eu/wp-content/uploads/Impact-of-COVID-19-pandemic-on-CCS_COE-KEA_26062020.pdf)

[content/uploads/Impact-of-COVID-19-pandemic-on-CCS\\_COE-](https://keanet.eu/wp-content/uploads/Impact-of-COVID-19-pandemic-on-CCS_COE-KEA_26062020.pdf)

[KEA\\_26062020.pdf.pdf](https://keanet.eu/wp-content/uploads/Impact-of-COVID-19-pandemic-on-CCS_COE-KEA_26062020.pdf)

María Rut Reynisdóttir og Bryndís Jónatansdóttir (2020). *Áhrif COVID-19 á íslenskan*

*tónlistariðnað*. Reykjavík: Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag

hljómplötuframleiðenda, Samtök flytjenda og hljómplötuframleiðenda, STEF,

Tónlistarborgin Reykjavík og Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar. Sótt 4.

nóvember 2020, af <https://www.tonlistartolur.is/>

Rannsóknasetur í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst  
Njörður Sigurjónsson [njordur@bifrost.is](mailto:njordur@bifrost.is)  
Finnur Bjarnason  
Sigrún Lilja Einarsdóttir